

Umhverfis- og samgöngunefnd

Bergþór Ólason formaður

9. nóvember 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um eflingu björgunarskipaflota
Landsbjargar, 125. mál.

Landssamband smábátæigenda fagnar þeirri jákvæðni sem fellst í þingsályktunartillögunni. Í hartnær 90 ár hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg verið reiðubúið til viðbragða jafnt á nótt sem degi þegar slys hafa orðið.

Sjósókn okkar Íslendinga hefur ávallt verið mikil og lengst af tekið sinn toll. Á síðustu áratugum hefur dregið mjög úr dauðaslysum til sjós. Margt hefur komið til, betri skip og búnaður, fræðsla og breyttur hugsunarháttur svo dæmi séu tekin.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er það skoðun LS að slysavarnir eigi ávallt að vera í endurskoðun og breytingar að taka mið af bestu þekkingu og tækni hverju sinni. Björgunarsveitir Landsbjargar eiga ávallt að búa við bestu aðstæður hvað varðar allan tækjakost. LS er kunnugt um þá þreytu sem komin er í björgunarskipastól félagsins. Bátarnir komnir til ára sinna og standast ekki þær kröfur sem gerðar eru hvað varðar ganghraða.

LS er sannfært um að með samþykkt þingsályktunartillögunnar verði opnuð leið fyrir nauðsynlegar endurbætur á björgunarskipum Landsbjargar og hvetur til þess að hún verði afgreidd óbreytt.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri

